

Alþingi
Erindi nr. P 134/25
komudagur 16.8.2007

Umhverfisnefnd Alþingis
 Selma Hafliðadóttir
 nefndarritari
 Alþingi v/Austurvöll
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. ágúst 2007
 2007060023/42-1-3
 SB/mfb


Stækkun friðlands í Þjórsárverum og verndun Þjórsár (6. mál)

Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags 28. júní sl. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og verndun Þjórsár. Tillagan er þriðja. Í fyrsta lagi er lagt til að fallið verði frá áformum um Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum og frekari virkjanir í Þjórsá en orðið er. Í öðru lagi að vernd Þjórsárvera verði tryggð í heild sinni með stækkun friðlandsins þannig að það nái til náttúrulegra marka veranna ásamt með Þjórsá og nærliggjandi svæða að Sultartangalóni. Í þriðja lagi að stækkað Þjórsárverafriðland verði sem fyrst tilnefnt á heimsminjaskrá UNESCO. Efnislega samhljóða tillaga til þingsályktunar hefur verið lögð fram á Alþingi árlega síðan á 127. löggjafarþingi 2001 - 2002.

Náttúrufræðistofnun Íslands gaf fyrst umsögn um þetta mál með bréfi dags. 11.12.2001. Í niðurlagi bréfsins segir: "Að mati Náttúrufræðistofnunar er æskilegt að stækka mörk friðlands í Þjórsárverum þannig að þau nái til þess samfellda gróðurlendis sem verin eru hluti af. Friðun gróðurvinja neðar við Þjórsár, svo og fossaraðarinnar er einnig æskileg..." Náttúrufræðistofnun er enn sama sinnis.

Náttúrufræðistofnun telur einnig æskilegt kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að tilnefna stækkuð Þjórsárver á heimsminjalista UNESCO.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
 forstjóri

